

Starfsáætlun leikskólans Kirkjugerði
Skólaárið 2019-2020



Jákvæður agi, gleði og félagsfærni


Leikskólinn Kirkjugerði
Dalhrauni 1
900 Vestmannaeyjum.

1. Um leikskólann húsnaði og saga

Leikskólinn Kirkjugerði var reistur 1974 fyrir gjafafé frá Hjalparstofnun kirkjunnar. Hann var upphaflega tveggja deilda leikskóli. Árið 1976 var lítið hús reist á lóð leikskólans og nýtt sem ein deild. Árið 1991 var byrjað að byggja við leikskólann og árið 1994 hafði leikskólinn verið stækkaður um 563 fermetra. Árið 2018 var aftur byggt við Kirkjugerði og einni deild bætt við skólann, salur og kaffistofa starfsmanna voru stækkuð. Nýtt og stærra eldhús og vinnuaðstaða starfsmanna bætt. Kirkjugerði er í dag fimm deilda leikskóli með góðri starfsmannaaðstöðu.

Starfsemi leikskólans hefur þróast í takt við breytingar og kröfur samfélagsins um faglegt leikskólastarf, lengd vistunartíma barna og námsumhverfi og öryggi þau 45 ár sem hann hefur verið starfræktur.

1.1. Tölulegar upplýsingar





Í upphafi skólaárs 2019-2020 eru 72 nemendur skráðir í leikskólann Kirkjugerði og er aldursdreifing samkvæmt stöplariti hér til hliðar.

Fyrirsjánanlegt er að þrjú nýjir nemendur hefji skólagöngu í október 2019 og eru þeir fæddir árin 2016, 2017 og 2018. Eftir áramót liggur fyrir að taka inn sex börn fædd seinni hluta árs 2018.

Barngildi á leikskólanum eru 98,8 og dvalargildi eru 794,98 í upphafi skólaárs 2019-2020

Kynjaskiptingin á Kirkjugerði er þannig að það eru 38 drengir og 33 stúlkur.



1.2 Börn með sérstuðning

Þrjú börn eru með sérstuðning, frá þremur tímum upp í fimm tíma á dag sem mun verða endurmetið þegar nánari greiningar liggja fyrir. Hvað varðar málörvun eru 18 börn í auka þjálfun vegna málþroskafrávika, framburðarerfiðleika eða tvítýngis. Þau börn eru ýmist komin með greiningar, eru í ferli eða fá auka málörvun vegna tvítýngis. Fjögur börn eru greind með málþroskafrávik og sex börn eru í ferli þar sem grunur er um málþroskavanda. Þá eru tvö börn sem fá auka þjálfun vegna frávika í framburði. Einnig eru í þessum hópi níu tvítýngd börn. Auk íslensku tala þessi börn ensku, kínversku, portúgölsku og spænsku. Þar af eru sex börn sem eru með annað móðurmál en íslensku. Grunur er um athyglisvanda hjá nokkrum börnum en tvö af þeim fá auka örvun þar sem fylgst er með skilningi þeirra, einbeitingu og athygli og fá þau þá pásu af deildinni í minni hóp. Auk þess veitir sérkennsluráðgjafi ráðgjöf vegna barna þar sem grunur er um frávik varðandi hegðun eða annars vanda og a.m.k fjögur önnur börn eru í athugun hjá sérkennsluráðgjafa.

Guðrún Benónýsdóttir sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar kemur tvo morgna í viku og sinnir sérkennslu og veitir starfsmönnum ráðgjöf varðandi sérkennslubörn. Á Kirkjugerði eru auk hennar tveir starfsmenn sem sinna sérkennslu í hlutastarfi, þær Erna Georgsdóttir og Fanndís Ómarsdóttir og þrír starfsmenn eru í 50% stuðningsstöðum á deildum. Auk þess eru fleiri fagaðilar sem koma að ráðgjöf og greiningum leikskólabarna og hefur leikskólinn aðgang að sérfræðipjónustu Vestmannaeyjabæjar. Þar starfa ráðgjafaproskajálfi, sálfræðingur, félagsráðgjafar og auk þess er aðkeypt þjónusta talmeinafræðings. Mikil þörf er á að auka við stöðugildi í sérkennslu vegna snemmtækrar íhlutunar ekki hvað síst vegna frávika í málþroska og auknum fjölda barna af erlendum uppruna. Með öflugum stuðningi og þjálfun í leikskóla minnkum við líkur á að börn eigi við alvarlega námsörðuleika að etja í grunnskóla.

1.3 Samsetning starfsmannahópsins

Á kirkjugerði starfa 27 starfsmenn í 22,4 stöðugildum. Af þeim eru sex leikskólakennarar einn starfsmaður er með B.ed í leikskólakennara fræðum og einn aðstoðarleikskólakennari. Einn þroskajálfi starfar við skólann, einn starfsmaður er með meistarapróf í Íþrótt og tólmstundafræði og einn starfsmaður er með BS í félagsfræði.

Einn starfsmaður lýkur diplómanámi í sérkennslufærðum um áramótin 2019-2020.

Þrír starfsmenn eru ráðnir í hlutastörf sem stuðningur við börn með séþarfir á deildum og tveir starfsmenn eru ráðnir sérstaklega í sérkennslu í hlutastörfum.

Tveir starfsmenn skipta með sér 1.12 stöðugildi í eldhúsi.

Leiðbeinendur eru 16 og margir þeirra með áralanga reynslu af leikskólastörfum.

Tveir fastráðnir starfsmenn eru í veikindaleyfi fram til 1. desember en þá fer annar þeirra í fæðingarorlof en hinn verður áfram í veikindaleyfi til áramóta.

Einn fastráðinn starfsmaður er í launalausum ársleyfi frá 1. September 2019.

2.Þróunarstarf skólaárið 2018-2019

Á starfsmannafundi í ágúst 2018 fór nýráðinn leikskólastjóri yfir áherslur sínar í skólastarfinu skólaárið 2018-2019. Þar kom fram að starfsemi leikskólans yrði með hefðbundnum hætti fyrsta starfsár hennar. Sú ákvörðun byggðist á þeirri staðreynd að hún var þriðji leikskólastjórinn á þremur árum og að fyrirfjánalegt að framkvæmdum við nýbygginu leikskólans myndi ekki ljúka fyrr en síðla á haustönn. Þessar aðstæður voru nægilegt álag á starfsmenn leikskólans og leikskólastarfið að svo stöddu. Hún gerði jafnframt starfsmönnum leikskólans skýra grein fyrir því að breytingar á starfsháttum yrðu gerðir er líða færi á seinni hluta skólaársins.

Deildastjórar óskuðu eftir því að Kirkjugerði setti sér ákveðna uppeldisstefnu til að hafa til hliðsjónar í faglegu starfi í framtíðinni. Voru nokkrar stefnur skoðaðar sem leiddu til þess að uppeldisstefna í anda hugsmíðahyggjunnar var ákveðin sem framtíðar uppeldisstefna fyrir Kirkjugerði. Með þá niðurstöðu að leiðarljósi má segja að undirbúningur stafsmanna undir innleiðingu stefnunar hafi hafist.

Allir starfsdagar eftir áramótin 2018-2019 fóru í það að fræða og undirbúa starfsmenn fyrir innleiðingu hugsmíðahyggjunnar. Á starfsdögum voru starfsmenn fræddir um áherslur í aðalnámskrá leikskóla og hugmyndafræði hugsmíðahyggjunnar. Einnig var starfsmönnum skipt í hópa og vann hver hópur ákveðna verkferla til að samræma milli deilda hvernig vinnutilhögun við ákveðna þætti leikskólastarfsins yrði háttað í framtíðinni. Vinna skv. þessum verkferlum skyldi hefjast í upphafi skólaárs 2019-2020 þegar uppeldisstefna í anda hugsmíðahyggjuna yrði formlega tekin upp á Kirkjugerði

Á þessum starfdögum urðu oft fjörugar umræður í starfsmannahópnum um starfshætti í leikskólastarfinu og hverju þyrfti að breyta til að aðlaga starfshætti að hugmyndafræði hugsmíðahyggjunnar.

Á vormánuðum var augljóst að það mundi fækka í nemendahópnum á milli skólaára. Í kjölfarið fór deildastjórahópurinn í hugmyndavinnu um hvernig deildastkipting ætti að vera skólaárið 2019-2020. Niðurstaðan var sú að nýta fjórar deildir undir hefðbundið deildarstarf en fimmta deildin væri nýtt sem listasmiðja, kubba svæði og sérkennslurými.

Í Maí fóru starfsmenn leikskólans í námsferð til Glasgow. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér ákveðna starfsaðferð í hópastarfi er nefnist Floorbooks. Þessi aðferð var valin þar sem hún er mjög í anda hugsmíðahyggjunnar og eflir áhuga og virkni barna í eigin þekkingarleit.

Sumarið var nýtt til að innleiða nýtt samræmt dagskipulag, fara yfir leikfangakost skólans með áherslu á að halda eftir opnu leikefni en losa okkur við leikefni sem er ekki er í anda hugsmíðahyggjunnar. Námsumhverfi á deildum var samræmt og sjónrænt skipulag tekið upp á öllum deildum.

Verkefnastjóri var ráðin í 50% starf þann 1. Júní 2019 og aðal verkefni hennar í sumar var að undirbúa þemakassa sem notaðir eru með Floorbooks aðferðinni til að örva áhuga barna á ákveðnu viðfangsefni og stuðla að umræðum um viðfangsefnið í barnahópnum.

Sumarið var einnig nýtt til að endurskoða og endurbæta starfsmannahandbók og foreldrabækling..

Í mars skrifuðu leikskólastjóri og fræðslufulltrúi undir verkáætlun um endurskoðun á námskrá Kirkjugerðis ásamt stofnun matsteymis og gerðar langtíma matsáætlunar fyrir leikskólann Kirkjugerði.

Matsteymið samanstendur af fulltrúum stjórnenda, starfsmann og foreldra leikskólans. Matsteymið fundaði einu sinni á vorönninni en annars var tölvupóstur látinn duga til að miðla upplýsingum og hugmyndum milli fulltrúa í matsteyminu.

langtíma matsáætlun til skólaársins 2023-2024 ásamt áætlun um hvaða þættir í skólastarfinu ætti að meta skólaárið 2019-2020 var tilbúin í júní. Í skammtíma matsáætlun kemur einnig fram hvaða aðferðum skuli beitt til að meta þá þætti sem við ætlum að meta, hverjir gera það og hvenær á skólaárinu matið fari fram.

Endurskoðuð skólanámskrá Kirkjugerðis var tilbúin í ágúst og var hún aðlöguð hugmyndafræði hugsmíðahyggjunnar. Deildastjórar á Kirkjugerði ásamt fræðslufulltrúa og fulltrúum í foreldraráði lásu námskrána yfir og komu með ábendingar um það sem betur mætti fara.

Því má segja að þó að faglegt starf á deildum hafi verið með hefðbundunum hætti þá fór mikil undirbúningsvinna fram á starfsdögum og deildastjórafundum við að undirbúa skólaárið 2019-2020

3. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 snýst um að koma áherslum hugsmíðahyggjunnar í framkvæmd í daglegu starfi í leikskólanum, starfa eftir nýrri námskrá og meta skólastarfið eins og matsáætlunin fyrir skólaárið 2019-2020 segir til um. Einnig verður lögð áhersla á að vinna eftir þeim verkferlum sem voru gerðir á síðasta ár og móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna ásamt því að bæta upplýsingagjöf á heimasíðu leikskólans.

3.1 Hugsmíðahyggjan

Í Kirkjugerði er unnið eftir leikskólastefnu í anda hugsmíðahyggju en kjarni þeirrar stefnu er viðurkennandi samskipti, sjálfræði, lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti.

Í hugsmíðahyggjunni er litið svo á að barnið sé virkur þátttakandi í eigin þekkingarleit. Barnið byggir upp sína eigin þekkingu, færni og viðhorf með því að setja fyrri reynslu í samhengi við það sem það upplifir hér og nú. Það leggur sína merkingu í hlutina og er sífellt að endurskoða skilning sinn á veröldinni. Börn hafa meðfædda tilhneigingu til þess að rannsaka umhverfi sitt, gera tilraunir og leika sér. Drifkraftur námsins er forvitni, áhugi, virkni og gleði.

Rík áhersla er lögð á fjölbreytt, opið og raunverulegt námsumhverfi sem styður við þroska og áhugahvöt barnsins.

Viðurkennandi samskipti eru grundvallaratriði í hugsmíðahyggju. Í því felst að virðing er borin fyrir barninu og bernskunni. Hugmyndir barna eru virtar og kennarar takmarka vald sitt og stýringu.

Rík áhersla er lögð á sjálfshjálp og virka þátttöku barnanna í daglegum athöfnum og leik. Kennarinn lítur á ágreining í barnahópum sem tækifæri til að efla félags- og siðgæðisvitund barnanna og leiðbeina þeim um að finna lausn á vandamálum er koma upp hverju sinni.

Kjarni hugtaksins sjálfræði er sú skynjun barnsins að það hafi ákveðið vald til að taka ákvarðanir um vissa þætti í eigin lífi. Sjálfræði byggist upp innra með barninu og einungis í gegnum samvinnu við hina fullorðnu. Barnið þarf að fá tækifæri til þess að æfa sig sjálft og læra af mistökum og sigrum.

Þegar það finnur að því er treyst tekur það frekar ábyrgð á eigin hegðun. Barnið þróa þannig með sér sjálfstæða dómgreind og siðferðiskennd. Dæmi um sjálfræði er þegar barn fer í vettlinga til þess að verða ekki kalt en ekki vegna kröfu frá kennaranum.

Nám án aðgreiningar er haft að leiðarljósi í leikskólastarfinu. Í því felst að komið er til móts við þarfir sérhvers einstaklings og jafnræðis gætt í starfi með börnunum.

Samkvæmt hugsmíðahyggjunni læra börn best með því að framkvæma upp á eigin spýtur, í raunverulegum aðstæðum og með raunverulega hluti. Hlutverk kennarans er mikilvægt í þessu sambandi og felst í því að vera styðjandi við nemendur, hvetja þá og leiðbeina við námið. Kennarinn skal sjá til þess að börnin fái nægan tíma og rými til að leika sér, þróa leikinn og dýpka hann.

3.2 Skólanámskrá

Eins og áður hefur komið fram var skólanámskrá Kirkjugerðis endurskoðuð og aðlöguð að hugmyndafræði hugsmíðahyggjunnar. Í skólanámskránni er sagt frá þeim starfsaðferðum sem við beitum til að vinna að grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Í skólanámskránni er einnig fjallað um faglegar áherslur, sýn okkar á leik og nám barna og leiðarljós leikskólans. Í skólanámskrá er einnig fjallað um samstarf heimilis og skóla, skóla án aðgreininga og tengsl skólastiga.

Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans <http://kirkjugerdi.leikskolinn.is/>

3.3 Matsáætlun

Í skólanámskrá Leikskólans Kirkjugerði kemur fram langtímamatsáætlun leikskólans sem nær til skólaársins 2022-2023. Í þessari starfsáætlun kemur hins vegar fram hvaða þætti skólastarfsins við ætlum að meta á næsta skólaári og hvaða aðferðum við beitum til að meta þessa þætti, hverjir framkvæma matið og hvenær á skólaárinu. **Matsáætlun leikskólans er í viðauka við þessa starfsáætlun.**

3.4 Verkferlar

Skólaárið 2019-2020 verður unnið eftir þeim verkferlum sem voru gerðir á síðasta starfsári. Í verkferlunum koma fram ákveðin markmið, lýsing á hvernig verkið skal unnið og tenging verkferilsins við grunnþætti menntunar. Verkferlarnir sem við tókum í notkun fyrst í stað eru:

Móttaka barna í upphafi dags.

Morgunmatur eldri og yngri deildir

Hádegismatur eldri deildir

Nónhressing yngri og eldri

Hreyfing í sal yngri og eldri deildir

Söngstund á deild eldri og yngri deildir.

Verkferlarnir eru geymdir í deildamöppum á hverri deild þar sem auðvelt er fyrir starfsmenn að fletta upp í þeim og lesa sér til um einstök atriði. Verkferlarnir gegna mikilvægu hlutverki við þjálfun nýrra starfsmanna og að minna reynda starfsmenn á breytta starfshætti.

3.5 Móttökuáætlun fyrir börn af erlendum upprunna

Í vetur munu leikskólastjórar í Vestmannaeyjum vinna sameiginlega móttökuáætlun fyrir börn af erlendum upprunna. Þangað til að sú áætlun verður gerð mun Kirkjugerði vinna samkvæmt móttökuáætlun sem var unninn árið 2016.

Í þeirri áætlun er aðaláherslan lögð á að nota myndir af athöfnum og hlutum sem barnið og starfsmenn geta nýtt til samskipta og upplýsinga. Móttökuáætlunin gerir einnig ráð fyrir því að bjóða upp á túlkþjónustu í foreldraviðtölum.

3.6 Heimasíða Kirkjugerði

Næsta skólaár verður heimasíða leikskólans nýtt meira í upplýsingagjöf um skólastarfið en verið hefur. Allar áætlanir, foreldrahandbók, skólanámskrá, matsáætlun ofl. gögn verða gerð aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Einnig munu fréttabréf frá deildum og myndir úr starfinu birtast reglulega á heimasíðu leikskólans.

4. Starfsemi á næsta skólaári

4.1 skóladagatal.

Hefð hefur verið fyrir því að vera með mánaðarlega tilbreytingadaga í leikskólanum. Við endurmat á starfsemi leikskólans á deildstjórafundi var ákveðið að fækka þessum tilbreytingadögum til muna á næsta skólaári.

Að öðru leyti verður haldið í menningabundar hefðir og hefðir í skólastarfinu s.s. útskriftaferð, útskrift og vorsýninigu. Samstarf við Víkina, Foreldrafélagið, Landakirkju og Hraunbúðir mun einnig halda áfram með hefðbundnum hætti.

Skóladagatalið er í fylgiskjali við þessa starfsáætlun. Í því kemur fram hefðir í skólastarfinu, starfsdagar leikskólans og hvenær starfsmenn vinna af sér starfsdaganna.

4.3 Faglegar áherslur í leikskólastarfinu

Eins og fram kemur í umbótaáætlun hér að framan snúast faglegar áherslur í leikskólastarfinu næsta skólaár að því að innleiða starfshætti í anda hugsmíðahyggjunnar, starfa eftir nýrri námskrá og meta skólastarfið eftir þeirri matsáætlun sem er fyrirbyggjandi. Ásamt því að vinna samkvæmt verkferlum og móttökuáætlun fyrir erlend börn og að efla upplýsingagjöf á heimasíðu leikskólans.

Unnið verður eftir nýju dagskipulagi þar sem ríkari áhersla verður á að skipta barnahópnum upp í smærri hópa, stuðla að auknu sjálfræði og lýðræði barna í skólastarfinu og jafnrétti barna til náms óháð aldri.

Á öllum deildum verður áfram unnið með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein. En það námsefni býður upp á nýja framsetning á íslensku málhljóðunum og leggur góðan grunn að lestarnámi auk þess sem það stuðlar að bertri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð hjá börnum.

Allar deildir munu nota Floorbooks (samvinnunámsbók) aðferðina í hópastarfi. Floorbooks aðferðarfræðin hvetur barnið til að vera virkur þátttakandi í eigin þekkingarleit. Drifkraftur þekkingarleitarinnar er forvitni og leikur barnsins. Barnið er hvatt til að ígrunda, skrá og skipuleggja viðfangsefnið hverju sinni og hafa áhrif á eigin námsframvindu.

Floorbooks má í raun lýsa sem skráningarferli samvinnunámsbókar um hugmyndir og nám barnahópsins við könnun á sameiginlegu áhugasviði eða þema.

Kennarinn þarf að vera vakandi yfir því hvað börnin hafa áhuga á hverju sinni og koma með kveikjur af samvinnuverkefni sem styrður við áhugasvið barnahópsins. Einnig getur kennarinn kveikt áhuga barnahópsins með ákveðnu þema sem unnið er að í ákveðin tíma.

Á næsta skólaári fara þrjú elstu árgangarnir þrisvar sinnum í viku í listasmiðju og kubbavæði og allir árgangar fara í skipulagðar hreyfistundir einu sinni í viku.

Faglegar áherslur snúast að miklu leyti um að breyta starfsháttum og viðhorfi starfsmanna um gæði í leikskólastarfi. Slíkar breytingar taka tíma og krefjast þolinmæði allra hlutaðeigandi aðila er koma að skólastarfinu.

4.4 Samstarf við nærsamfélagið

Áfram munum við eiga gott samstarf við Hraunbúðir. Elstu börnin á Kikjugerði munu fara í heimsókn á Hraunbúðir hálfsmánaðarlega og spjalla við heimilismenn og /eða syngja með þeim.

Mánaðarlega munu prestar Landakirkju heimsækja Kirkjugerði og eiga samverustund með börnunum í sal leikskólans. Í þessum samverustundum eru sagðar sögur, spjallað og sungið saman.

Á vormánuðum verður elstu börnunum boðið í heimsókn á Víkina í þeim tilgangi að sýna þeim hverju þau mega búast við þegar þau flytjast þar yfir næsta haust.

4.5 Uppákomur í Leikskólastarfinu

Í desember fara börnin í Landakirkju sem ávallt er mjög mikið tilhlökkunarefni því alltaf er farið með rútu í þessar ferðir.

Einsi Kaldi leggur sitt af mörkum til að skapa jólaandann í leikskólanum og býður upp á purusteik í hádeginu einn dag í desember.

Jóballið með heimsókn frá jólasveininum er fastur liður í desember og í fyrsta sinn í 45 ára sögu leikskólans var hægt að halda jólaballið á leikskólanum í fyrra, þökk sé nýrri viðbyggingu við leikskólann

Að loknu jólafríi opnar leikskólinn með búningadegi. En þann dag koma börnin í leikskólann í grímubúning.

23. janúar munu elstu börnin fara í heimsókn í Eldheima til að fræðast um eldgosíð á Heimaey.

6. febrúar verður degi leikskólans fagnað með því að bjóða foreldrum í kaffi í leikskólansum.

Haldið eru upp á bolludag og sprengidag með því að borða bollur og saltkjöt og baunir. Á öskudaginn koma börn og starfsmenn í grímubúningum í leikskólann og kötturinn er sleginn úr tunnunni og síðan skemmta sér allir saman við dans í salnum.

Í vikunni fyrir Dimbilviku mun árleg páskaeggjaleit fara fram á leikskólalóðinni. Leitin fer þannig fram að starfsmenn leikskólans fela legókubba á leikskólalóðinni og síðan fara börnin og finna kubbanda. Hvert barn má taka einn kubb og skila honum til deildastjóra sem afhendir barninu páskaegg að launum.

Auk ofangreindra uppákoma í leikskólastarfinu þá er mánaðarlega haldið upp á sameiginlegt afmæli afmælisbarna þess mánaðar með sameiginlegu borðhaldi á hverri deild í morgunmatnum. Í boði eru samlokur og kakómalt að þessu er matarborðið skreytt með „afmælisörflum“ sem eru allskonar plastfígúrur sem leikskólanum hefur áskotnast í gegnum tíðina.

Einnig er hefð fyrir því að flagga íslenska fánanum á við útidyr viðkomandi deildar á afmælisdegi barnanna og fá afmælisbörnin að velja sér ákveðin borðbúnað til að matast af í hádegismatnum á afmælisdaginn. Afmælisbarnið fær kórónu og fallett kort frá deildinni sinni á afmælisdaginn.

Mánaðarlega fer einnig fram Fagnaðafundur í sal. Þar skiptast deildir á að vera með uppákomur og að stjórna sameiginlegri söngstund.

4.6 Foreldrasamtarf

Í leikskólanum er starfrækt foreldraráð og foreldrafélag. Hlutverk foreldraráðs er að:

- Gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans
- Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
- Hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Hlutverk foreldrafélagsins er hins vegar að:

- Að styðja við skólastarfið
- Stuðla að velferð nemenda skólans
- Efla tengsl heimilis og skóla
- Hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu

Samstarf við foreldra fer að mestu fram með daglegum samskiptum þegar þeir koma með börnin eða þegar þeir sækja börnin. Allar deildir eru með facebooksíðu þar sem upplýsingum er miðlað um starfið á deildum og leikskólanum í heild til foreldra. Einnig er skrifað á upplýsingatöflu í fataklefa hvað var gert yfir daginn,

Við upphaf leikskólagöngu barnsins fara foreldrar í ýtarlegt viðtal við deildastjóra á þeirri deild sem barnið byrjar á og skiptir ekki máli á hvaða aldri barnið er.

Reglubundin foreldraviðtöl eru einu sinni á ári en foreldrar geta ávallt óskað eftir fundi með deildastjóra eða leikskólastjóra ef það er eitthvað sem þeir vilja ræða varðand líðan og þroska barnsins.

Almennur foreldrafundur er haldinn í september og þar er foreldrum kynntar faglegar áherslur í leikskólastarfinu, starfsaðferðir og hefðir og venjur í skólastarfinu.

4.6 Starfsdagar

Dagskrá starfsdaga skólaárin 2019-2020.

Unnið af sér starfdag	umfjöllunarefni
27. ágúst kl: 17:00-21:00= 4 tímar v/ 2. Sept 2019.	Bjarney fer yfir nýja starfshætti í anda hugsmíðahyggjunnar. Ný skólanámskrá kynnt, Matsáælan, starfsmannahandbók og foreldrabæklingur. Hvert erum við komin og hvert við stefnum. Halldóra kynnir floorbooks kassanna og vinnu vegna Floorbooks. Deildafundir
18. sept kl: 17:00-21:00= 4 tímar v/ 2. Sept	Halldóra með fyrirlestur um hagnýtar aðferðir til að bæta líðan barna og starfsmanna á deildum. deildafundir
8 október kl.17:00-19:00=2 tímar V/4. október	Hvernig styður starfsþróun og samstarf við lærdómssamfélag og menntun fyrir alla? Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri Jötunheima í Árborg.- skyldumæting
16. október 17:00-21:00= 4 tímar. v/ 4. október	Heiða Sálfræðingur/ tengsl jákvæðni og starfsánægju
13. nóvemberkl 17:00-18:00= 1 tími v/ 4. Október Kynning frá Guðrúnu á Kirkjugerði.=1 tími v/ 4 október	Forvörn gegn einelti í leikskólum Erna Georgsdóttir Guðrúnu Ben kynnir lærum og leikum með hljóðin og annað málörfunarefni sem hægt er að nota inni á deildum í litlum hópum.
5. desember kl. 17:00-21:00= 4 tímar v/ 27. desember	Hópefli og notalegheit í anda jólanna heima hjá Bjarney. Upplýsingar um tilhögun er nær dregur
15. jan 17:00-21:00= 4 tímar v/ 27 desember	17:00-19:00 Sigurlaug Vilhelmsdóttir fyrirlestur um einhverfu. 19:30-21:00 Deildarfundir og vinna á deildum
12. febrúar kl.17:00-19:00v/ 30. Desember 4. tímar	Verkferlar 17:00-19:00 19:30-21:00 deildafundir og vinna á deildum
11. mars kl: 17:00-21:00= 4tímar v/ 30. desember	BjarneyInnra mat- Niðurstöður starfsmannakönnunar. Umræður og lausnir
20. apríl kl: 17:00-21:00=4 tímarv/ 2. jan	Innra mat- gátlistar og vísbendingar um gæði . matsteymi og hver deild fyrir sig.
6. maí kl: 17:00-21:00= 4 tímar v/ 2. Janúar	Undirbúningur fyrir vorsýningu, útskrift og vorhátíð foreldrafélagsins

Sigríður Ása Friðriksdóttir

Formaður foreldraráðs

Grétar Eyþórsson

Ritari Foreldraráðs

Rósa Jónsdóttir

Meðstjórnandi Foreldraráðs

Bjarney Magnúsdóttir

Leikskólastjóri.